

Af hálfu stefnda var og mætt og krafizt ómaksbóta.

Málið er hafið og greiði áfrýjandi stefnda, oddvita Húsavíkurhrepps f. h. hreppsins, 100 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 10. júní 1936.

Nr. 55/1936. **Lárus Jóhannesson f. h. Dánarbús Gunnars Gunnarssonar**

(Lárus Jóhannesson)

gegn

Hrefnu Sigurgeirsdóttur og gagnsök

(Jón Arinbjarnarson).

Mál um skuld samkvæmt veðskuldabréfi.

Dómur gestaréttar Reykjavíkur 25. apríl 1936: Stefnd, Hrefna Sigurgeirsdóttir, greiði stefnandanum, Lárusi Jóhannessyni, f. h. db. Gunnars Gunnarssonar, kr. 7370.15 með 6% ársvöxtum frá 1. október 1934 til greiðsludags og kr. 426.10 í málskostnað. Veðréttur stefnanda f. h. umbj. hans í eigninni Grettisgötu 57 B fyrir hinum tildæmdu upphæðum viðurkennist.

Dóminum ber að fullnægja innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Hinn 21. okt. 1929 gaf Oddur nokkur Benediktsson út skuldabréf, að fjárhæð kr. 12283. 55, með 2. veðrétti í húseigninni nr. 57 B. við Grettisgötu í Reykjavík, til dánarbús kaupmanns Gunnars Gunnarssonar. Skyldi skuldin greiðast með 6% ársvöxtum og með jöfnum árlegum afborgunum á næstu 10 árum á gjalddaga 1. okt. ár hvert. Sam-

kvæmt ákvæðum skuldabréfsins skyldi öll skuldin fallin í gjalddaga, ef vanskil yrðu á greiðslu afborgana og vaxta. Síðasta afborgun af skuld þessari fór fram 8. febrúar 1935, voru þá greiddar kr. 1000.00. Var það greiðsla upp í afborganir, er áður voru fallnar í gjalddaga. Með afsalsbréfi, útgefnu þann 16. okt. 1934, seldi þá verandi eigandi téðrar húseignar, Sigurður nokkur Jónsson, hana gagnáfrýjanda máls þessa, Hrefnu Sigurgeirsdóttur. Var afsalsbréfið afhent til þinglýsingar hinn 17. des. 1934 og þinglesið hinn 20. s. m. Í afsalsbréfi þessu er svo kveðið á, að kaupandi húseignarinnar taki að sér að greiða áður greinda veðskuld, þá að fjárhæð kr. 8370.15, til dánarbús Gunnars Gunnarssonar. Hinn 13. jan. þ. á. lét Ólafur R. Björnsson, kaupmaður í Reykjavík, sem taldi sig hafa fengið veðskuldabréfið framselt til eignar og umráða, gera fjárnám í hinni veðsettu húseign samkv. 15. gr. laga nr. 29 frá 1885. Þessu fjárnámi skaut gagnáfrýjandi til hæstaréttar, og var það fellt úr gildi með dómi réttarins, uppkveðnum 16. marz þ. á., þar eð ósannað var talið, að maður sá, sem framseldi Ólafi R. Björnssyni bréfið, hefði haft umboð dánarbúsins til þess. Sama dag afsalaði téður Ólafur með áritun á bréfið aftur til dánarbúsins þeim rétti til bréfsins, sem hann taldi sig eiga. Hæstaréttarmálaflutningsmaður Lárus Jóhannesson höfðaði síðan mál þetta f. h. dánarbús Gunnars Gunnarssonar til innheimtu eftirstöðva veðskuldarinnar, kr. 7370.15 ásamt 6% vöxtum frá 1. okt. 1934 til greiðsludags og málskostnaði. Var málið dæmt í téðum rétti 25. apríl þ. á. með þeim úrslitum, að kröfur stefnanda voru teknar til greina.

Hinn 12. f. m. fór síðan fram fjárnámsgerð í hinni veðsettu húseign til tryggingar dómsskuldinni.

Dómi þessum og fjárnámsgerð hafa báðir aðiljar skotið til hæstaréttar, aðaláfrýjandi með stefnu, útgefinni 2. f. m., og framhaldsstefnu, útgefinni 12. f. m., en gagnáfrýjandi með stefnu, útgefinni 12. f. m., og framhaldsstefnu, útgefinni 13. f. m. Hafa málin verið sameinuð hér fyrir réttinum, eins og lög standa til.

Aðaláfrýjandi hefir krafizt þess, í aðalsök, að hinn áfrýjaði dómur og fjárnámsgerð verði staðfest og í gagnsök, að hann verði algerlega sýknaður. Svo krefst hann og málskostnaðar fyrir hæstarétti bæði í aðalsök og gagnsök eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi gerir eftirtaldar kröfur:

a) Að dómur og málsmeðferð í héraði verði ómerkt og málinu vísað frá gestaréttinum. b) Verði fyrrgreind krafa ekki tekin til greina, krefst hann, að dómur og málsmeðferð verði ómerkt og málinu vísað heim til dómsuppkvaðningar að nýju. c) Til vara krefst gagnáfrýjandi sýknu. Þá krefst hann og þess, hver af áður töldum kröfum, sem til greina yrði tekin, að fjárnámsgerðin verði felld úr gildi. Loks krefst hann málskostnaðar fyrir hæstarétti og undirrétti eftir mati dómsins.

Um a) Til stuðnings kröfu þeirri, er í a-lið getur, færir gagnáfrýjandi þetta: 1) Að á öðrum staðnum, þar sem nafn stefndu er tilgreint í gestaréttarstefnunni, standi Helga Sigurgeirsdóttir. Gagnáfrýjandi mætti að vísu ekki fyrir gestaréttinum eftir stefnunni, en með stefnu, útgefinni 31. marz þ. á., fékk hún málið upptekið af nýju og flutti síðan fram vörn í því. Er þegar þessvegna ekki ástæða til að ómerkja dóm og málsmeðferð

fyrir þessar sakir, sbr. 10. gr. laga nr. 63 frá 1917. 2) Í öðru lagi byggir gagnáfrýjandi kröfu þá er í a-lið getur, á því, að þá Sigurð hafnargjaldkera Þorsteinsson og umboðsmann aðaláfrýjanda máls þessa, Lárus Jóhannesson hæstaréttarmálflutningsmann, sem mættu við sáttaumleitun í málinu, hafi brostið heimild til þess. Mótmælir gagnáfrýjandi hér fyrir dómi umboði Sigurðar er getur í héraðsdóminum, sem ósönnu. Á sama hátt mótmælir hún umboði því sem ósönnu, er þeir Guðmundur Guðmundsson, Axel Gunnarsson og Sigurður Þorsteinsson f. h. téðs dánarbús hafa gefið Lárusi Jóhannessyni til innheimtu skuldabréfsins. Gegn þessu hefir umboðsmaður aðaláfrýjanda bent á, að Sigurður Þorsteinsson er, samkvæmt vottorði lögmannsins í Reykjavík, dags. 8. f. m., fjárhaldsmaður tveggja erfingja í dánarbúinu, að fyrir liggja vottfast innheimtuumboð erfingjans Rögnu Gunnarsdóttur til handa sér, að ekkert sé tortryggilegt við önnur umboð, sem fyrir liggja í málinu, að málssókn þessi beinist einungis að því, að varðveita og krefja inn eign, sem ætla megí að sé í verulegri hættu vegna rýrnunar veðsins, missis forgangsréttar fyrir vöxtum m. m. og að í stöðu sinni felist sönnun fyrir heimild hans til málflutningsins.

Það þykir nú verða að líta svo á, að með málssókn þessari sé verið að hirða um verðmæti dánarbúsins og vernda þau frá rýrnun, og það getur þessvegna ekki hamlað framgangi málsins, þó umboð til reksturs þess af hálfu einhverra erfingja dánarbúsins kynni að vanta. Þar sem Sigurður Þorsteinsson hefir hagsmuna að gæta í dánarbúinu, eins og áður er sagt, og áðurgreindu umboði hans var einungis mótmælt í héraði sem óstaðfestu og af því

að það væri ekki undirritað af öllum erfingjum Gunnars Gunnarssonar, þá verður að telja hann hafa haft heimild til að gera ráðstafanir til að varðveita þessa eign búans, mæta á sáttafundum í því tilefni og fela málflutningsmanni nauðsynlega innheimtustarfsemi. Samkvæmt framansögðu verður ekki heldur talið neitt framkomið, sem hnekki fullyrðing umboðsmanns aðaláfrýjanda um, að hann hafi haft heimild til innheimtu skuldarinnar og er þessvegna ekki ástæða til að taka véfengingu gagnáfrýjanda á umboði hans til greina, enda umboðinu ekki mótmælt sem ósönnu í héraði. Verður dómur og málsmeðferð þessvegna ekki ómerkt vegna vantandi sáttatilraunar eða heimildarlaus málflutnings.

Um b) Ómerkingar og heimvísunarkröfuna styður gagnáfrýjandi með því, að héraðsdómurinn hafi ekki dæmt um tvær frávísunarástæður, sem bornar voru fram í héraði, sem sé véfenging á lögmati sáttatilraunar og umboði aðaláfrýjanda. Á þetta verður ekki fallizt. Með því að fara inn á efni málsins hefir héraðsdómurinn dæmt um frávísunarkröfur þessar.

Um c) Sýknukröfuna byggir gagnáfrýjandi á því, að hún beri ekki persónulega ábyrgð á greiðslu skuldarinnar gagnvart dánarbúinu, en jafnvel þó svo væri, þá sé bréfið ekki fallið í gjalddaga vegna viðtökudráttar, þar eð ekki sé vitað, hverjir eru bærir til að taka við greiðslum. Þess er þegar getið, að í afsali til handa gagnáfrýjanda fyrir hinni veðsettu eign er ákvæði þess efnis, að hún taki að sér greiðslu veðskuldar þeirrar, er hér skiptir máli. Með því að taka við og þinglýsa téðu afsali hefir gagnáfrýjandi tekið á sig gagnvart dánarbúinu per-

sónulega ábyrgð á skuldinni. Ekki verður heldur talið, að um viðtökudrátt af hálfu dánarbúsins sé að ræða, þar eð ein afborgun hefir verið innt af hendi, eftir að gagnáfrýjandi var orðinn eigandi hinnar veðsettu eignar og hún hefir ekki sýnt fram á, að hún hafi gert tilraun til að bjóða fram frekari greiðslu, enda hefði hún getað falið Landsbanka Íslands greiðslur til varðveislu, ef hún hefði ekki þótzt örugg um, hverir væru réttir heimildarmenn til viðtöku fjárins. Skuldin var þessvegna öll fallin í gjalddaga fyrir vanskil. Samkvæmt framan-sögðu þykir bera að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, svo og hina áfrýjuðu fjárnámsgerð.

Eftir þessum málsúrslitum verður að dæma gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjanda málskostnað í hæstarétti sem ákveðst kr. 300.00.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða gestaréttardómi og fjárnámsgerð skal óraskað. Gagnáfrýjandi, Hrefna Sigurgeirsdóttir, greiði aðaláfrýjanda, Lárusi Jóhannessyni f. h. dánarbús Gunnars Gunnarssonar, kr. 300.00 í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er samkv. heimild í veðskuldabréfi útg. 21. október 1929 af Oddi Benediktssyni, höfðað fyrir gestaréttinum með stefnu, birtri 16. marz 1936, af hrm. Lárusi Jóhannessyni, hér í bæ, f. h. db. Gunnars Gunnarssonar gegn Hrefnu Sigurgeirsdóttur, Laugavegi 68, hér í bænum, til greiðslu skuldar skv. ofangreindu veðskuldabréfi, sem upphaflega var að upphæð kr. 12283.55, en nú er að eftirstöðvum kr. 7370.15.

Krefst stefnandi þess, að stefnd verði dæmd til að greiða honum f. h. db. Gunnars Gunnarssonar, eftirstöðvar veðskuldabréfsins kr. 7370.15 með 6% ársvöxtum frá 1. október 1934 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu.

Ofangreind veðskuld er tryggð með 2. veðrétti í eigninni nr. 57 B við Grettisgötu hér í bænum og gerir stefnandi enn fremur þá kröfu, að veðréttur þessi verði viðurkenndur með dóminum.

Skuldin er öll fallin í gjalddaga vegna vanskila.

Stefnd krefst *aðallega* frávisunar en *til vara* sýknu og málskostnaðar krefst hún einnig hvernig sem málið fer.

Frávisunarkröfuna byggir hún á því, að á öðrum staðnum, sem nafn hennar er nefnt í stefnunni er það misritað og stendur þar Helga í stað Hrefna, en þar eð hér er um auðsæja misritun að ræða og stefnan er samkv. birtingarvottorði stefnuvottanna birt stefndri Hrefnu Sigurgeirsdóttur, þá þykir ekki ástæða til, að taka frávisunarkröfuna til greina.

Það verður að teljast upplýst í málinu, að stefnd hafi tekið að sér greiðslu ofangreindrar veðskuldar, þegar hún keypti hina veðsettu eign og byggist sýknukrafa stefndrar því eingöngu á því, að stefnandi hafi ekki nægilegt umboð til að krefjast hinnar umstefndu skuldar. Stefnandi hefir lagt fram umboð sér til handa til að krefjast hinnar umstefndu skuldar og er það undirritað af Guðmundi Guðmundssyni, Axel Gunnarssyni og Sigurði Þorsteinssyni og hefir Sigurður einnig mætt ásamt stefnanda við sáttatilraun í málinu.

Enn fremur hefir stefnandi lagt fram yfirlýsingu frá erfingjum Gunnars Gunnarssonar þess efnis, að Sigurður Þorsteinsson hafi og hafi alltaf haft fullt og ótakmarkað umboð þeirra til að innheimta og ráðstafa á sérhvern hátt ofangreindu veðskuldabréfi.

Stefnd hefir andmælt þessari yfirlýsingu sem óstaðfestri og auk þess telur hún að ekki hafi allir erfingjarnir undirritað hana.

Eftir atvikum þykir ekki ástæða til að taka andmælin gegn yfirlýsingunni sem óstaðfestri til greina og með því að stefnd hefir ekki sannað né líklegt gert, að erfingjar Gunnars Gunnarssonar séu nú fleiri en þeir, sem undir-

ritað hafa nefnda yfirlýsingu verður sýknukrafa hennar skv. framansögðu ekki tekin til greina.

Úrslit málsins verða því þau, að allar kröfur stefnanda verða teknar til greina og ákveðst málskostnaður honum til handa kr. 426.10.

Föstudaginn 12. júní 1936.

Nr. 63/1936. Þórður Jónsson (Lárus Jóhannesson)

gegn

Borgarstjóra Reykjavíkur f. h. bæjarsjóðs (Garðar Þorsteinsson).

Útsvarsmál. Spurning um heimilisfang útsvarsgreiðanda.

Úrskurður fúgetaréttar Reykjavíkur 7. maí 1936: Hin umbeðna lögtaksgerð á fram að ganga á ábyrgð gerðarbeiðanda en kostnað gerðarþola.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu, útgefinni 16. maí þ. á., hefir krafizt ómerkingar á hinum áfrýjaða úrskurði og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndi hefir hinsvegar krafizt staðfestingar á úrskurðinum og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Eins og vikið er að í hinum áfrýjaða úrskurði, verður að telja áfrýjanda hafa raunverulega átt heimili í Reykjavík árin 1933 og 1934, er hann lét skrifa sig heimilisfastan að Kolviðarhóli í Árnessýslu. Frá 1. jan 1935 hætti hann að vísu að láta skrifa heimili sitt þar, og lét nú skrifa heimili sitt